

# FRÆBANKINN Á HAMRI Í NOREGI HEIMSÓTTUR

Í bænum Hamri í Austur-Noregi er rekinn myndarlegur fræbanki. Forstöðumaður bankans er Öyvind Meland Edvardsen skógfræðingur. Öyvind starfaði til margra ára á Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá og er kvæntur Sigrúnu Sigurjónsdóttur skógfræðingi og fyrverandi framkvæmdastjóra Norðurlandsskóga. Laufblöðungur heimsótti þau hjónin í vetur, skoðaði bankann og ræddi við Öyvind.

## Hver er saga fræbankans?

Upphaf hans má rekja til stofnunar Hamar Klænganstalt árið 1885 sem hafði það markmið að sjá Austur-Noregi fyrir trjáfræi. Árið 1946 brann húsnæðið. Árið 1953 var „statens skogfrøverk“ stofnað og fékk það hlutverk að sjá landinu öllu fyrir heppilegu trjáfræi. Á þeim tíma var það ein stærsta fræverkunarstöð fyrir trjáfræi í heiminum.

Lengst af starfaði bankinn sem ríkisstofnun en árið 1996 var rekstri bankans breytt í sjálfseignarstofnunina, „Stiftelsen. Det norske Skogfrøverk“, og Norska skógræktarfélaginu falin rekstur hennar. Núna er bankinn því rekinn með sjálfstæðri stjórn og er formaður hennar Olav Kavældiget, framkvæmdastjóri skógræktarfélagins.



Fræbankinn er til húsa að Hamri í Austur-Noregi.

## Hver eru helstu verkefni fræbankans?

Helsta verkefni hans er að tryggja framboð af heppilegu trjáfræi fyrir alla þá sem stunda skógrækt í Noregi. Bankinn sér um söfnun og

verkun á fræi og rekur frækrur víða í landinu. Í Hamri er rekin fræverkunarstöð, með fullkominni rannsóknastöðu. Hægt er að fá nánari upplýsingar á heimasíðunni, [www.skogfroverket.no](http://www.skogfroverket.no) Þar eru meira að segja upplýsingar á íslensku, en bankinn selur töluvert af fræi til íslenskra gróðrarstöðva. Á næsta ári mun öll netverslunin verða sett upp á íslensku til hagræðingar fyrir íslenska viðskiptavini bankans.

## Þið sjáið öllum gróðrarstöðvum Noregs fyrir fræi. Hversu mikið er framleitt af plöntum í Noregi um þessar mundir?

Skógarplöntuframléiðsla hefur minnkað mikið í Noregi og um leið sala á trjáfræi. Þetta hefur gerst á sl. 15 árum og eru helstu ástæðurnar minna skógarhögg, gisnari gróðursetningar og aukin náttúruleg endurnýjun skóganna. Síðustu ár hefur verið miklu minni opinber stuðningur við nýskógrækt. Fjöldi gróðursettra plantna er nú kominn niður í um 20 milljónir trjáplantna en var um 70 milljónir fyrir um 15 árum.

## Á 50 ára afmæli Skógræktarfélag Íslands, árið 1980 gáfu Norðmenn félaginu frægarð í Taraldsøy við vesturströnd Noregs.

Fræbankanum á Hamri var falið að annast hann og að safna fræi þar. Hvernig er ástand frægarðsins?

Frægarðurinn var settur á laggirnar ganggert til að sjá Íslandi fyrir heppilegu trjáfræi og efniviðurinn valinn úr eldri skógarsteigum á Íslandi. Á Taraldsøy eru frægarðar með 2 trjátegundum, sitkagreni og stafafuru og á nærliggjandi eyju er frækra með fjallapin. Sitkagrenið og stafafuran hafa gefið af sér heilmikið fræ undanfarin ár, en fjallapinurinn ekki. Nú er svo komið að mikið af sitkagreninu er að verða úr sér vaxið og einnig er




Öyvind Melandsen er framkvæmdastjóri norska fræbankans.

minnkandi áhugi á fræinu. Því hefur ekki verið safnað sitkagrenifræi þar nýlega, og þá mun töluvert til á lager á Íslandi. Stafafuran er enn að gefa af sér gott fræ sem við sjáum um að safna og seljum íslenskum gróðrarstöðvum.

Íslendingar ráða framtíð frækrunnar í Taraldsøyju og mikilvægt er að komast að niðurstöðu um hvort menn telja enn þörf fyrir hana í íslenskrum skógrækt. Væntanlega verður hægt að safna stafafuru- og sitkagrenifræi í nokkur ár enn.

## Plantesalg norske skogplanteskoler 1942-2002



Gróðursetning skógarplantna í Noregi árin 1942-2002